Nd. **596. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt. Ástæða til þess, að nefndin fellst á frumvarpið, er halli sá, sem orðinn er á fjárlagafrumvarpinu, sem litlar líkur eru til, að dregið verði úr að mun í meðferð þingsins á fjárlögunum. Þar sem skoðanir nefndarmanna á skattamálunum að öðru leyti eru mjög mismunandi, þó þessi sameiginlega niðurstaða hafi fengist í þessu máli, hefir þótt rjett að láta frekari rökstuðning fyrir niðurstöðunni koma fram í umræðum um málið.

Alþingi, 26. mars 1928.

Halldór Stefánsson, formaður. Sig. Eggerz, frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Hannes Jónsson. Ólafur Thors.